

## REGLUGERÐ

### um (17.) breytingu á reglugerð nr. 630/2014, um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í raf- og rafeindabúnaði.

#### 1. gr.

Við IV. viðauka reglugerðarinnar bætist nýr töluliður 41a, svohljóðandi:

41a.	Blý sem varmastöðgari í pólývínýlklóríði (PVC), sem er notað sem grunnefni í rafefnanemum með straum-, spennu- eða leiðniskynjun sem eru notaðir í lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi til greiningar á kreatíníni og köfnunarefni úr þvagefni í blóði í heilblóði.	Gildir um 8. flokk og fellur úr gildi 31. desember 2023.
------	---	--

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett til innleiðingar á eftirtalinni gerð:

- Framseldri tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1526 frá 16. maí 2023 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB að því er varðar undanþágu fyrir blý sem varmastöðgara í pólývínýlklóríði sem er notað sem grunnefni í nema sem eru notaðir í lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi, sem vísað er til í undirlið við lið 12q í XV. kafla II viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 263/2023, þann 27. október 2023. Tilskipunin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 85 frá 23. nóvember 2023, bls. 91-94.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 9. tölul. 1. mgr. 11. gr. efnalaga, nr. 61/2013, tekur þegar gildi.

*Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 28. maí 2024.*

**Guðlaugur Þór Þórðarson.**

*Stefán Guðmundsson.*